

Dags eftirlits	20.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf. í Vogavík í Vogum. Rekstraraðili er með nýtt 500 tonna starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 16. desember 2021. Deiliskipulag fyrir Vogavík var gefið út 25. mars 2015. Heildarstærð lóðar er 17,046 ha.

Í Vogavík eru hrognahús, seiðaeldisstöð, áframeldishús, hængahús og sambyggt klakfiskahús og sláturhús ásamt rannsókn- og þjónustuhúsum og geymslum. Starfsleyfi sláturhúss í Vogavík er undir eftirliti HES.

Skipulagsstofnun telur ástæðu til að vakta vatnsból stöðvarinnar vegna hættu á íblöndun jarðsjós við ferskvatnslínu, og leggur til að í nýtingarleyfi sé ákvæði um vöktun á vatnsbólum stöðvarinnar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að nýting á vatni sé eins góð og kostur er á.

Ekki er krafa um hreinsun frárennslis en í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum segir að vakta skuli áhrif eldisins á lífríki í fjöru og bregðast við með mótvægisáðgerðum ef styrkur næringarefna ef yfir losunarmörkum. Í starfsleyfi rekstraraðila segir að ef mælingar sýni að styrkur efna fari yfir mörk í frárennslisvatni þá skuli rekstraraðili gera Umhverfisstofnun viðvart og leggja fram úrbætur um bættu hreinsun.

Tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun er Ella Kristín Geirsdóttir.

Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og mat á virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennslis vatni útrás sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 16.12.2021
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Framleidd voru 326 tonn á síðasta ári og fóðurnotkun var 380 tonn. Fóðurstuðull var því 1,17. Reksturinn gekk vel, engar kvartanir bárust og engar bilanir né óhöpp urðu.

Losun næringarefna, reiknuð út frá fóðri var 8 kg á framleitt tonn fyrir fosfór (P) og 40 kg á framleitt tonn fyrir köfnunarefni (N) sem er undir losunarmörkum starfsleyfis.

Í grænu bókhaldi stöðvarinnar fyrir 2021 er losun N og P líka reiknuð út frá mælingum í frárennslis vatni og eru niðurstöður sambærilegar við losun reiknaðu út frá fóðri, undir losunarmörkum í starfsleyfi.

Aukið umfang getur leitt til meira álags á umhverfi stöðvarinnar og því er það álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum að vakta bæði vatnstöku og áhrif frárennslis á lífríki í fjöru. Starfsleyfið endurspeglar það og hægt er að gera auknar kröfur ef neikvæð áhrif koma fram.

Með nýju starfsleyfi er framleiðslumagn stöðvarinnar komin í sátt við kröfu í starfsleyfi og því er eldra frávik sem snúa að umframframleiðslu lokað.

Nú er engin hreinsun í frárennslis.

2. Olíugeymir við varaafsstöð stöðvarinnar er kominn á skrá hjá Umhverfisstofnun. Upplýsingum um olíugeyminn verður komið á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesjasvæðis.

3. Í starfsleyfinu er krafa um fjórar skriflegar áætlanir sem liggja skulu fyrir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun, áætlun um meðhöndlun úrgangs og viðbragðsáætlun. Allar þessar áætlanir liggja fyrir.

Tvær skýrslur skulu berast fyrir 1. maí ár hvert; ársyfirlit og skýrsla um umhverfisupplýsingar. Báðar hafa skilað sér á réttum tíma.

Mæla skal svifagnir og lífrænt efni tvisvar á ári í inntaki og útrás stöðvarinnar. Á síðasta ári voru sýni úr eldisvatni og frárennslis tekin 9. júlí og 6. október 2021 og sýni ehf. sá um mælingar.

Fyrir liggur áætlun um meðhöndlun úrgangs frá stöðinni, dagsett 22.04.2022. Ágætlega er gengið um úrgang og

spilliefni og eru efnin flokkuð og skráð. Skýr farvegur er fyrir dauðfisk. Uppgjör á magntölum úrgangs kemur fram í grænu bókhaldi stöðvarinnar.

Trygging vegna bráðamengunar liggur fyrir.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með starfsfólki sem var viðstatt eftirlitið. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrir en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

5. Skoðaðar voru efnageymslur og eru ekki gerðar athugasemdir við þær. Eins var farið var í skoðunarferð um lóðina og aðstaðan skoðuð. Ekki var tilefni til athugasemda. Byggingaframkvæmdir eru í gangi og þörf á tiltekt á byggingarstað að þeim loknum.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.08.2022



Gottskálk Friðgeirsson